

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar Árið 2023, þriðjudaginn 16. maí kl. 10:40 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1209. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 2. hæð Borgartúni 12-14, Bergvík. Fundinn sátu: Nikulás Úlfar Másson, Edda Þórsdóttir, Kristín Björg I. Sverrisdóttir og Sigrún Reynisdóttir. Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

**Þetta gerðist:**

1. Ánaland 2-4 - BN057467 Sótt er um leyfi til þess að rífa sólskála og svalir á suðurhlíð og byggja í staðinn viðbyggingu með þaksvölum, þak yfir hluta af verönd 1. hæðar, opna inn í borðstofu, endurnýja eldhús og fjarlægja vegg milli stofu og eldhúss í parhúsi nr. 2 á lóð nr. 2-4 við Ánaland.  
Stækkun 1.3 ferm., 8.6 rúmm. Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 28. mars 2023, samþykki meðlóðarhafa á aðaluppdráttum 101 og 102 dags. 28. mars 2023, útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. apríl 2020 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2020 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 27. apríl 2020.  
Gjald kr. 13.200.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
2. Bergstaðastræti 18, flutningshús - áður Bergstaðastræti 7 - BN061841 Sótt er um leyfi til að koma fyrir flutningshúsi á steiptum kjallara, áður Bergstaðastræti 7, húsið verður lengt og hækkað, viðbygging á bakhlið stækkuð og byggð ný á austurgafli og til að innrétta fjórar íbúðir á lóð nr. 18 við Bergstaðastræti.  
Lagðar eru fram umsagnir Borgarsögusafns dags. 19. mars 2019, Minjastofnunar Íslands dags. 19. mars 2019 og umsagnir skipulagsfulltrúa dags. 18. október 2021 og 19. janúar 2023.  
Stærð, A-rými: 340,3 ferm., 915,5 rúmm.  
B-rými: 6,1 ferm.  
Samtals: 358,9 ferm.  
Gjald kr. 13.200.  
Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
3. Blesugróf 30 - USK23040047 Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt, einnar hæðar einbýlishús með bílskúr á lóð nr. 30 við Blesugróf.  
Stærð: 286,3 fermm., 1.053,5 rúmm.  
Erindi fylgir mæliblað dags. 3.maí 2010  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
4. Brekkustígur 3 - BN061450 Sótt er um leyfi til að sameina eignarhluta í eina eign, fjarlægja milliveggi á 1. hæð og sameina eldhús, borðstofu og herbergi í eitt rými í húsi á lóð nr. 3 við Brekkustíg. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á smækkuðu afriti teikningum hönnuðar dags. 5. september 2022. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 15. september 2022. Gjald kr.12.600.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

5. Bíldshöfði 2 - BN061693 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi rýmis 0101 að hluta, þ.e. fyrirkomulag og innréttingar verslunar og lagers, komið fyrir nýjum rekstri veitingasölu í stað þess sem áður var, í flokki I, teg. c, veitingastofa og greiðasala, ný uppþvottaaðstaða, óbreytt fyrirkomulag starfsmannaaðstöðu sem er samnýtt í matshluta nr. 01, í húsi á lóð nr. 2 við Bíldshöfða. Erindi fylgir: Yfirlit breytinga unnið á afriti samþykks aðaluppdráttar erindis BN037859. Gjald kr.13.200.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
6. Depluhólar 4 - BN061601 Sótt er um leyfi til að breyta útliti á húsi og skipulagi lóðar, þ.e. tröppur upp á svalir felldar út, gluggar síkkaðir og komið fyrir hurð í stað glugga á suðausturhlíð, gluggar síkkaðir og komið fyrir hurð á suðvesturhlíð, lóð lækkuð, bætt aðgengi og umferðarleiðir innan lóðar og að húsi, steipt setlaug og stoðveggir á lóðarmörkum húss á lóð nr. 4 við Depluhóla. Erindi fylgir umboð eiganda dags. 6. október 2022, bréf eiganda, rökstuðningur vegna breytinga dags. 11. október 2022, samþykki aðliggjandi lóðarhafa nr. 2 við Depluhóla og nr. 1 við Erluhóla. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttar sem samþykktir voru þann 12. júlí 1984. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 20. október 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 20. október 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. október 2022. Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. febrúar 2023. Erindi fylgir samþykki nágranna, skjalfært þann 17. apríl 2023. Gjald kr.13.200.  
Frestað. Lagfæra skráningu.
7. Efstaland 26 - USK23040136 Sótt er um leyfi til þess að gera nýjan inngang og innréttu ísbúð í að rými 0204 í verslunarkjarnanum Grímsbæ á lóð nr. 26 við Efstaland. Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
8. Eirhöfði 1 - USK23020319 Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt 4 -7 hæða fjölbýlishús, fjögur stigahús með 72 íbúðum, sem verða Eirhöfði 3 og 5, Steinhöfði 2 og 4, ásamt bílakjallara með 88 bílastæðum, og verður fyrri áfangi fjölbýlishúsa á lóð nr. 1 við Eirhöfða.  
Erindi fylgir greinargerð aðalhönnuðar dags. 21. febrúar 2023, hljóðvistargreinargerð frá Myrru dags. 14. júní 2022, brunahönnun frá Eflu dags. 23. febrúar 2023 og varmatapsrammi dags. 21. júní 2022.  
Einnig fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. janúar 2023.  
Stærð, A-rými: 11.026,3 ferm., 33.483,7 rúmm.  
B-rými: 402,6 ferm.  
Gjald kr. 12.600.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
9. Fífurimi 13 - BN061780 Sótt er um leyfi til að reisa timburtengibyggingu með einhalla þaki við leikskólann Fífuborg og breyta innra skipulagi húss á lóð nr. 13 við Fífurima. Stækkun: xx,x ferm., xx,x rúmm. Stærð eftir br.: xx,x ferm., 3.011,3 rúmm. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 15. nóvember 2022. Gjald kr.13.200.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
10. Grundargerði 11 - BN061828 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum framkvæmdum, þ.e. niðurgrafin steipt kartöflugeymsla vestan við núverandi bílgeymslu, jafnframt er sótt um leyfi til að stækka bílgeymslu, mhl. 02, um er að ræða síkkun á undirstöðum og gera

kjallara, aðgengi verður um tröppur vestan við núverandi skúr við hús á lóð nr. 11 við Grundargerði.  
Stækkun: 45,8 ferm., 97,7 rúmm.  
Stærð eftir breytingar: 85,2 ferm., 216,3 rúmm.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga, húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 24. apríl 2023 og lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. október 2022.  
Gjald kr. 13.200.  
Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Grundarstígur 23 - USK23040029 Sótt er um leyfi til þess að koma fyrir svalalokun á svalir íbúðar 0203 á suðurhlið fjölbýlishúss á lóð nr. 23 við Grundarstíg.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
12. Gufunesvegur 10 - USK23040138 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN060304 þannig að innra skipulagi og flóttastigum utanhúss er breytt, jafnframt er sótt um leyfi fyrir einnar hæðar viðbyggingu við austurgafl þjónustuhúss starfsmanna, mhl.02 á lóð nr. 10 við Gufunesveg.  
Stækkun 132.3 ferm., 449.6 rúmm.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 11. janúar 2022.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
13. Hagamelur 34 - BN060074 Sótt er um leyfi fyrir að breyta erindi BN058068, þannig að málsetningar eru uppfærðar og skráning og skráningartafla leiðrétt, vegna eignaskiptayfirlýsingar húss á lóð nr. 34 við Hagamel. Stærð er: Kanna þegar yfirlit breytinga berst vegna milligólfs. Gjald kr.12.100.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttek. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
14. Hagamelur 36 - BN060075 Sótt er um leyfi fyrir að breyta erindi BN058075, þannig að málsetningar eru uppfærðar og skráning og skráningartafla leiðrétt, vegna eignaskiptayfirlýsingarhúss á lóð nr. 36 við Hagamel. Stærð er leiðrétt með skráningartöflu. Gjald kr.12.100.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
15. Hraunbær 102B - USK23020164 Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi þannig að innréttuð er rakarastofa, í norðvestur horni rýmis 0101 í verslunar- og íbúðarhúsi nr. 102B, mhl.06, á lóð nr. 102 við Hraunbæ.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
16. Hátún 12 - USK23030001 Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innréttu íbúðir til langtímaleigu fyrir skjólskæðinga í endurhæfingu á 4. og 5. hæð í húsi Sjálfsbjargar, Hátúni 12, mhl.03 á lóð 10-14 við Hátún.  
Erindi fylgir samþykki Sjálfsbjargar dags. 24. febrúar 2023, samþykki Mæðrastyrksnefndar dags. 22. febrúar 2023, greinargerðir verkfræðistofunnar Örug 3368-001-GRG-001-V01 dags. 17. febrúar 2023 og hæðablað dags. mars 2007.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.

17. Kamsvegur 26 - BN061819 Sótt er um leyfi til að byggja stakstæða bílgeymslu, mhl. 03, staðsteyptar undirstöður og botnplata, timbur útveggir og þak, norðaustan við tvíþýlishús á lóð nr. 26 við Kamsveg.  
Stærð: 52,6 ferm., 167,5 rúmm.  
Erindi BN060957 dregið til baka sbr. lýsingu á eyðublaði, nýr aðalhönnuður.  
Gjald kr.13.200.  
Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
18. Kleppsmýrarvegur 6 - USK23020107 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061309 þannig að byggt verður úr forsteyptum einingum, Smellin, hvítmáluð steypa og mynstursteypa, gluggasetning breytist og þeim fjölgað á gaflum að Kleppsmýrarvegi, efsta hæð lækkar lítillega og þök verða klædd timbri og sjávarmöl á lóð nr. 6 við Kleppsmýrarveg.  
Erindi fylgir greinargerð frá VSB um burðarvirki dags. 1. febrúar 2023 og yfirlýsing um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 11. nóvember 2022.  
Eftir breytingu, A-rými: 7.297,1 ferm., 23.308 rúmm.  
B-rými: 336,2 ferm.  
Gjald kr. 14.000.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
19. Laugateigur 46 - USK23040123 Sótt er um leyfi fyrir (nýjum eða áðurgerðum) svölum við kvist og glugga skipt út fyrir svalarhurð, nýjum glugga á vesturgafli, fjarlægja stiga milli kjallara og fyrstu hæðar, stækka anddyri fyrstu hæðar sem nemur stærð stigaopsins, stækka stigaop á annarri hæð með því að minnka aðliggjandi herbergi og breyta geymslu í kjallara í séreign íbúðar í húsi á lóð nr. 46 við Laugateig.  
Erindi fylgir umsögn burðarþolshönnuðar dags. 29.03.2023  
Gjald kr.14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
20. Lyngháls 2 - USK23040182 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN054011 þannig að innra skipulagi er breytt og hurðir færðar til, jafnframt er erindi xxxxxx dregið til baka í vörugeymslu á lóð nr. 2 við Lyngháls.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
21. Miklabraut 68 - USK23040048 Sótt er um leyfi til þess að breyta glugga í hurð og gera svalir á suðurhlíð íbúðar 0201 í mhl01, fyrir ofan þak mhl02 á lóð nr. 68 við Miklubraut.  
Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa á teikningu F-01 dags. 21 mars 2019.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
22. Mosavegur 15 - BN061227 Sótt er um leyfi til að breyta brunavörnum með því að koma fyrir nýrri flóttaleið og hringstiga á málmgreinaskála og bóknámshús, breyta innra skipulagi 1. og 2. hæðar í húsum B, C og D og koma fyrir sorpgerði, við vesturhlíð Borgarholtsskóla á lóð nr. 15 við Mosaveg.  
Erindi fylgir afrit útgefinna aðalteikninga og greinargerð brunahönnuðar dags. 15. júní 2022.  
Gjald kr. 12.600.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

23. Norðlingabraut 2 - USK23040085 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060405 vegna lokaúttektar, þ.e. breytingar á útliti húss, skipulagi lóðar, salerniskjörnum og tæknirýmum í verslunar- og skrifstofuhúsnæði á lóð nr. 2 við Norðlingabraut. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á teikningum hönnuðar.  
Gjald kr. 14.000.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
24. Nýlendugata 21 - USK23030276 Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun, hækka um eina hæð og gera sex nýjar íbúðir, þrjár í hvorum matshluta á lóð nr. 21 við Nýlendugötu.  
Stækkun M01: xx.x ferm., xx.x rúmm.  
Stækkun M02: xx.x ferm., xx.x rúmm.  
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 21. mars 2023, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 21. mars 2023, minnisblað brunahönnuðar dags. 20. mars 2023 og yfirlit breytinga afriti af eldri samþykktum aðaluppdráttum.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
25. Reykjastræti 2 - USK23010183 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi skrifstofurýmis á 3. hæð, í matshluta nr. 9, í húsi nr. 2 við Reykjastræti á lóð nr. 2 við Austurbakka.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 14.000.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
26. Reykjastræti 7 - USK23020161 Sótt er um leyfi til að koma fyrir svalalokun á svölum íbúðar 05-0607 húsi nr. 7 við Reykjastræti á lóð nr. 2 við Austurbakka.  
Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 19. september 2022 og afrit af ábyrgðarsviði hönnuða dags. 14. febrúar 2023.  
Gjald kr. 14.000.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
27. Skipasund 77 - USK23030228 Sótt er um leyfi til þess að byggja bílskúr og vinnustofu úr timbri á steiptum sökkli, mhl.02, í norðvestur horni lóðar nr. 77 við Skipasund.  
Stærð: 50.0 ferm., 164.3 rúmm.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Málinu vísað til umsagnar og eða grenndarkynningar skipulagsfulltrúa.
28. Skógarvegur 6 - BN061365 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055985 vegna lokaúttektar þannig að gerð er grein fyrir nýrri lóðarhönnun við fjölbýlishús nr. 6 og 8 á lóð nr. 6 við Skógarhlíð.  
Gjald kr. 12.600.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

29. Stigahlíð 86 - USK23040168 Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða steinsteyppt einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu og aukaíbúð á 1. hæð, klætt að hluta með læstri málmklæðningu, á lóð nr. 86 við Stigahlíð.  
Stærð, A-rými: 414,1 ferm., 1.377,1 rúmm.  
B-rými: 12 ferm.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
30. Strýtusel 7 - USK23020254 Sótt er um leyfi til þess að fjarlægja léttbyggðan sólskála og byggja þess í stað steinsteyppta viðbyggingu við suðurhlíð einbýlishúss á lóð nr. 7 við Strýtusel.  
Stækkun: 13.6 ferm., xx.x rúmm.  
Erindi fylgir hæðablað, mæliblað, yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum og yfirlit breytinga á afriti af meðfylgjandi aðaluppdráttum.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
31. Stórholt 33 - USK23010333 Sótt er um leyfi til að byggja staðsteyppta bílgeymslu, matshluta nr. 02, einangruð að innanverðu með léttbyggðu einhalla þaki, við hús á lóð nr. 33 við Stórholt.  
Stærð: 47,0 ferm., 157,0 rúmm.  
Erindi fylgir afrit eyðublaðs umsóknar um byggingarleyfi og gátlisti aðaluppdrátta, hæðarblað og bréf með afriti fundarbókunar skipulagsfulltrúa nr.38.22. Samþykki eigenda dags. 28. mars 2023.  
Gjald kr.14.000.  
Frestað. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa grendarkynningar, einnig vísað til athugasemda.
32. Stórhöfði 15 - USK23040005 Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innra skipulagi á 4. hæð og tilheyrandi millilofti í áfangaheimili með pláss fyrir ?? einstaklinga og koma fyrir hringstiga sem flóttaleið við vesturhlíð skrifstofu- og verslunarhúss á lóð nr. 15 við Stórhöfða.  
Erindi fylgir afrit af eldi stimpluðum aðalteikningum með yfirliti yfir breytinga.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
33. Suðurgata 33 - USK23040170 Sótt er um sem byggingarheimild, leyfi til þess að endurbyggja með nýju gluggakerfi, sem hefur í för með sér smávæglegar breytingar á útliti, glerstofu á austurhlíð parhúss mhl.01 og mhl.02, á lóð nr. 33 við Suðurgötu.  
Stærðir eru óbreyttar.  
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 18. apríl 2023.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
34. Sólheimar 19 - USK23040137 Sótt er um leyfi til þess að koma fyrir skábraut að aðalinngangi í tengibyggingu mhl.05, breyta útliti og innra skipulagi færanlegra leikskólastofa, mhl.03, mhl.04 við Sólheima 19-21 á lóð nr. 19 við Sólheima.  
Erindi fylgir mæliblað 1.433.2 dags. 20. febrúar 2012 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdrátta samþykktum 7. júní 2011.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.

35. Vatnsstígur 4 - USK23030084 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059362 þannig að þakformi suðurhluta húss er breytt úr valma- í mansard, þakhæð dregin inn til suðurs og hús klætt mismunandi álklaðningum á lóð nr. 4 við Vatnsstíg.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Lagfæra skráningu.

### **Ýmis mál**

36. Ægisgata 4 - USK23050151 Spurt er hvort leyfi fengist til þess að breyta notkun og gera að gististað í flokki II, íbúðhús á lóð nr. 4 við Ægisgötu.  
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
37. Einimelur 18, 24 og 26 - USK23030155 Lóðastækkun - 1.526.1 of 1.526.2 - Lóðauppráttur.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

### **Fundi slitið kl. 12:10**

Nikulás Úlfar Másson

Edda Þórsdóttir  
Sigrún Reynisdóttir

Kristín Björg I. Sverrisdóttir  
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir